



Fundargerð

1. fundur stjórnar Ríkarðshúss kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í stjórn Ríkarðshúss föstudaginn 12. október 2018 kl. 13:00 í Rauða herberginu, Hannesarholti. Fundinn sátu Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Þór Vigfússon, Már Guðlaugsson og Björn Másson. Einnig sat fundinn Greta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi sem ritaði fundargerð. Jóhannes Albert Sævarsson hrl. sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Dánarbú Ólafar M. Ríkarðsdóttur
2. Varðveisla listmuna í Faktorshúsi
3. Skráning listmuna
4. Húsnæðismál Ríkarðshúss
5. Fjárhagsleg samskipti stjórnar og Djúpavogshrepps
6. Gammur, griðungur, dreki og bergrisi

-
1. **Dánarbú Ólafar M. Ríkarðsdóttur**
Jóhannes Albert Sævarsson hrl. fór yfir stöðu mála varðandi dánarbú Ólafar M. Ríkarðsdóttur.
 2. **Varðveisla muna í Faktorshúsinu**
Lagðar voru fram teikningar frá Argos af kjallaranum í Faktorshúsinu og með hvaða hætti hægt væri að geyma muni þar. Stjórn list vel á þessar hugmyndir og er sammála um að Argos vinni að verkinu áfram með það fyrir augum að geymsla fyrir muni í eigu Ríkarðshúss verði þar.
 3. **Skráning listmuna**
Farið var yfir með hvaða hætti munir hafa verið skráðir fram til þessa. Stjórnin er sammála um mikilvægi þess að koma skráningu í ásættanlegt horf m.a. á Sarpur.is. Stjórn sammælist um að Gauti hafi samband við Íris um skráningu muna.
 4. **Húsnæðismál Ríkarðshúss**
Farið var yfir hugmyndir sem fram hafa komið varðandi möguleg makaskipti á Vogshúsi og Sambúð með það fyrir augum að Ríkarðssafn verði staðsett þar mögulega með samtímalistasafni sem sett yrði upp í samstarfi við Sigurð Guðmundsson. Stjórnin er áfram opin fyrir þessum möguleika en telur sig ekki geta tekið formlega afstöðu til málsins fyrr en frekari gögn liggja fyrir.
 5. **Fjárhagsleg samskipti stjórnar og Djúpavogshrepps**
Gauti fór yfir með hvaða hætti fjárhagslegum samskiptum sveitarfélagsins og stjórnar Ríkarðshúss er háttað. Stjórnin sammála um að ekki sé þörf fyrir sérstakan fjárhaldsmann en leggur áherslu á að fjárhagsleg samskipti séu sett inn í reglur safnsins. Í tengslum við gerð ársreikning sveitarfélagsins verði tekin saman greinargerð Ríkarðssafns sem kynnt verður stjórn Ríkarðshúss.

6. Gammur, griðungur, dreki og bergrisi

Farið var yfir stöðu verkefnisins m.t.t. þeirrar úthlutunar sem það fékk frá hendi uppbyggingarsjóðs Austurlands. Undir þessum lið var einnig farið yfir bréf frá Þór Vigfússyni dags. 24. september 2018. Már gerði einnig grein fyrir hugmynd sem hann hefur unnið að undanfarið í samráði við Gauta og Gretu Mjöll. Stjórnin gerir engar athugasemdir við að verkefninu verði haldið á fram á þeim nótum í góðu samráði við stjórn Ríkarðshúss. Ákvörðun tekin að fresta opnun sýningar/myndbands fram að vori. Athuga skal um frestun styrkjar og auknu fjármagni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:41.

Greta Mjöll Samúelsdóttir, fundarritari